

RÉTTARFARSNEFND

Reykjavík, 20. febrúar 2023.

Dómsmálaráðuneytið
v.t. Bryndís Helgadóttir, skrifstofustjóri
Borgartún 26
105 Reykjavík

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 10. febrúar 2023 var þess óskað að réttarfarsnefnd tæki drög ráðuneytisins að frumvarpi um sameiningu héraðsdómstólanna til skoðunar og léti í té umsögn um réttarfarsatriði, ef einhver væru, eigi síðar en 20. febrúar 2023.

Réttarfarsnefnd hefur haft frumvarpsdrögin til skoðunar. Í ljósi þess skamma tíma sem veittur var til skoðunarinnar hefur athugun nefndarinnar miðast við eftirfarandi meginatriði frumvarpsins. Áréttu ber að af hálfu nefndarinnar hefur ekki verið rætt hvort rétt sé að fara þá leið sem boðuð er í frumvarpinu og þá með hvaða hætti. Hins vegar er mikilvægt að vanda vel til setningar réttarfarslögjafar í kjölfarið verði frumvarpið að lögum. Auk þess er jafnframt brýnt að huga að stjórnskipulegu sjálfstæði dómara og dómsvaldsins sem og hvernig þær breytingar sem boðaðar eru lúti að því.

Að svo stöddu er auk framangreinds bent á eftirfarandi:

- Í 2. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að stjórn dómstólasýslunnar setji reglur um hæfniskröfur dómstjóra og varadómstjóra sem og hvernig staðið skuli að hæfnismati þeirra. Í greinargerð með frumvarpinu segir einungis að lagt sé til að stjórn dómstólasýslunnar verði falið að „útfæra á almennum og málefnalegum grunni, með hliðsjón af þörfum hins fyrirhugaða nýja dómstóls, hvaða sjónarmið skuli einkum leggja til grundvallar við ráðningu þessara stjórnenda dómstólsins og hvernig skuli staðið að undirbúningi og framkvæmd þess mats.“ Að áliti réttarfarsnefndar færi betur á að fram kæmu í frumvarpinu þau megin sjónarmið sem líta á til við setningu þessara reglna og gilda eiga við mat á umsækjendum og þeim nánar lýst.
- Í 2. gr. frumvarpsins er jafnframt lögð til sú breyting að að settar skuli leiðbeinandi reglur sem notast skuli við sem viðmið við úthlutun dómsmála á öllum dómstigum til að gera verklag við úthlutun mála gagnsærra. Lagt er til að þær skuli byggðar á þeirri almennu meginreglu að tilviljun ráði en að gera megi nánar tiltekna undantekningar frá þeirri meginreglu meðal annars á grundvelli sjónarmiða um skilvirkni og sérhæfingu.

Í fyrirhugaðri breytingu felst mikil stefnubreyting. Mikilvægt er að huga betur að því hvort þörf sé fyrir slíka breytingu á áralangri og rótgróinni framkvæmd. Þá er jafnframt mikilvægt að fram fari nánari könnun á reglum sem um þetta gilda í nágrennalöndum. Má um það til að mynda benda á að slíka reglu virðist ekki vera að finna í dönskum réttarfarslögum. Að auki kann þörf fyrir slíkar reglur að vera mismunandi eftir dómstigum. Það er vandséð hvort frumvarpið kalli á breytingu af þessu tagi, en í öllu falli þarfnast slík breyting vandlegs undirbúnings og skoðunar bæði um efni og réttaráhrif.

- Í 13. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting á 36. gr. laganna að héraðsdómari geti háð þing til að taka fyrir á föstum þingstað innan eða utan umdæmis þar sem hann starfar án tillits til þess hvar mál er að öðru leyti rekið ef það þyki „heppilegt“ vegna rekstrar þess.

Ágætt væri að fram komi í greinargerð að ákvörðun um hvar þyki heppilegt há þing í framangreindum skilningi sé á forræði dómara. Hins vegar er afar brýnt að mati nefndarinnar að nánari skilyrðum þess hvenær það teljist heppilegt sé nánar lýst í texta ákvæðisins. Mikilvægt er að öllum séu skilyrðin ljós og að samræmd framkvæmd verði við rekstur dómsmála að þessu leyti. Vandséð er að það takmark náist án þess.

Fyrir hönd réttarfarsnefndar



Ása Ólafsdóttir